

**AUGLÝSING****um alþjóðasamning um mælingar skipa.**

Hinn 17. júní 1970 var aðalritara alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um mælingar skipa, sem gerður var í London hinn 23. júní 1969.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. júlí 1970.*

**Emil Jónsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*

Nr. 19.

31. júlí 1970.

**AUGLÝSING****um alþjóðasamning um hleðslumerki skipa.**

Hinn 24. júní 1970 var aðalritara alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um hleðslumerki skipa, sem undirritaður var í London hinn 5. apríl 1966. Gildistaka samningsins fyrir Ísland miðast við 24. september 1970.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. júlí 1970.*

**Emil Jónsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*

Nr. 20.

31. júlí 1970.

**AUGLÝSING****um samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna  
varðandi flug Loftleiða.**

Hinn 24. júní 1970 fóru fram erindaskipti milli sendiráðs Íslands í Washington og utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna varðandi flug Loftleiða. Erindin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. júlí 1970.*

**Emil Jónsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*